



Minnisblað

Til: Borgarstjóra/Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Um áætlaða lántöku A-hluta árið 2021

Fjárhagsáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir 34,4 ma.kr. lántöku borgarsjóðs, vegna fjárfestinga, stofnframlaga og áætlunar um halla af rekstri sökum erfiðra efnahagslegra skilyrða. Nú þegar rúmlega átta mánuðir eru liðnir af árinu hefur borgarsjóður tekið lán fyrir um 19 ma.kr. og er því ónýtt lántökuheimild um 15,4 ma.kr.

Við vinnslu á útkomuspá ársins vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 lítur út fyrir að lántaka borgarsjóðs verði ekki eins mikil og áætlað var og gerir fjármála- og áhættustýringarsvið nú ráð fyrir því að lántaka ársins 2021 verði um 25 ma.kr. eða 28% lægri en lántökáætlun segir til um. Það skýrist af því að tekjur borgarinnar hafa verið hærri en gert var ráð fyrir og framvinda fjárfestinga hægari en samkvæmt fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar séu að færast til í tíma sem verður kynnt með frumvarpi að fjárhags- og fimm ára áætlun 2022-2026 í byrjun nóvember.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs